

Ed.

S5. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og er bæjarstjórn Reykjavíkur, sem átt hefir frumkvæði að því, að frv. er borið upp á Alþingi, og stjórnarráðinu samdóma um það, að ástæða sje til þess að hækka hámark það á sektum fyrir brot á lögreglusamþyktum, sem sett er í 5. gr. laga um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina frá 3. janúar 1890, og að rjett sje að reyna að afstýra freistingu til brota

með ákvæði um, að hinn brotlegi skuli auk sektar greiða í bæjarsjóð hagnað þann, er hann kann að hafa haft af brotinu.

Hins vegar getur nefndin eigi fallist á að ákveða hámarkið eins hátt og gert er í frv., meðan ákvæðunum um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum í tilsk. handa Íslandi frá 25. júní 1869 er ekki breytt. Eftir þeim ákvæðum verður maður, sem getur ekki greitt 1000 króna sekt, heldur verður að afplána hana, að sitja 210 daga í einföldu fangelsi eða 35 daga í fangelsi við vatn og brauð, en það er meiri refsing en í hegningarlögunum er lögð t. a. m. við einföldum þjófnaði, drýgðum í fyrsta sinn, nema alveg sjerstaklega standi á. Þykir nefndinni hámarkið ekki mega hærra vera en 500 krónur, og leyfir sjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. með breytingu í þá átt, og kemur fram með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. málsgr. 1. greinar.

Í stað orðanna: »alt að 1000 krónum« komi:
alt að 500 krónum.

Alþingi, 15. júlí 1919.

Guðjón Guðlaugsson,
formaður.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskr. og ritari.

Magnús Torfason.